

Ársskýrsla Háskólans á Bifröst

2005-2006

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði.....	6
Háskólastjórn.....	7
Rektor.....	9
Háskólaráð.....	10
Skipurit.....	12
Frumgreinadeild.....	13
Viðskiptadeild.....	14
Lagadeild.....	16
Félagsvísindadeild.....	18
Skólafélag Háskólans á Bifröst.....	19
Bókasafn.....	21
Náms- og starfsráðgjöf.....	23
Tölvuþjónusta.....	25
Vefurinn.....	26
Alþjóðaskrifstofa.....	27
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.....	28
Rannsóknasetur á Bifröst.....	32
Evrópufræðasetur.....	32
Rannsóknasetur verslunarinnar.....	33
Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála.....	35
Rannsóknasetur um húsnæðismál.....	36
Húsnæðismál.....	38
Rekstur og efnahagur.....	39

Fylgt úr hlaði

Ársskýrsla þessi nær til skólaársins 2005-2006 (1. ágúst 2005 – 31. júlí 2006). Árið 2006 var nafni skólans breytt úr Viðskiptaháskólinn á Bifröst í Háskólinn á Bifröst og reglugerð skólans var uppfærð á fundi háskólastjórnar 31. ágúst 2006. Í janúar 2007 var ákveðið að reikningsár skólans yrði almanaksárið frá og með árinu 2007 en ekki skólaárið eins og var áður. Leitast er við að láta þær upplýsingar sem eru hefðbundnar í ársskýrslu sem þessari ná til almanaksársins, þ.e. til ársloka 2006. Í ársskýrslunni er lýst meginþáttum starfsemi skólans fyrir þetta tímabil.

Dr. Ágúst Einarsson

rektor Háskólans á Bifröst

Háskólastjórn

Háskólastjórn skólaárið 2005-2006 var skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Stjórnarformaður

Guðjón Auðunsson fulltrúi Nemendasambands Samvinnuskólans

Varaformaður

Siv Friðleifsdóttir, fulltrúi háskólaráðs. Magnús Stefánsson tók við þegar Siv varð ráðherra. Sigurður S. Gylfason tók við þegar Magnús varð ráðherra.

Aðrir fulltrúar:

Guðjón Rúnarsson fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Björg Ágústsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnur Árnason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Varamenn:

Jón Guðmundur Ottósson fulltrúi menntamálaráðherra

Áslaug B. Guðmundsdóttir fulltrúi Nemendasambands Samvinnuskólans

Ólafur Ólafsson fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Sigurður S. Gylfason fulltrúi háskólaráðs

Atli Atlason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Samkvæmt núgildandi reglugerð skólans er hlutverk háskólastjórnar að standa vörð um hlutverk skólans samkvæmt samþykktum og gæta þess að starfsemi hans þjóni settum markmiðum. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum háskólans. Stjórnin setur háskólanum reglugerð þessa í samræmi við samþykktir hans.

Stjórn háskólans skipa fimm manns, sem hver um sig hefur varamann. Háskólaráð kýs einn, hollvinasamtök háskólans tilnefna einn, Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo og menntamálaráðherra einn. Stjórnarmenn skulu kosnir eða tilnefndir til tveggja ára í senn. Nýskipuð háskólastjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi.

Háskólastjórn skólaárið 2006-2008 er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Stjórnarformaður

Guðjón Rúnarsson fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Varaformaður

Andrés Magnússon fulltrúi Hollvinasamtaka Bifrastar

Aðrir fulltrúar:

Björg Ágústsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnur Árnason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Ástráður Haraldsson fulltrúi háskólaráðs

Varamenn:

Brynhildur Einarsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Heiðrún Jónsdóttir fulltrúi Hollvinasamtaka Bifrastar

Ásbjörn Gíslason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Atli Atlason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins

Kolfinna Jóhannesdóttir fulltrúi háskólaráðs

Rektor

Samkvæmt nágildandi reglugerð skólans annast rektor stjórnun og rekstur háskólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Hann ber ábyrgð á að starfstilhögun öll sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur. Rektor ræður stjórnendur og leysir frá störfum, aðra en dómnefndarráðna háskólakennara. Rektor ábyrgist öll fjármál háskólans í umboði stjórnar. Hann skal leggja fjárhags- og rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir stjórn háskólans eigi síðar en 15. maí ár hvert. Allar fjárhagslegar ákvarðanir utan rekstraráætlunar skulu háðar heimild stjórnar. Rektor kemur fram fyrir hönd háskólans út á við og hefur forgöngu um þróunarstarf og stefnumótun.

Fyrrum rektor skólans Runólfur Ágústsson lét af störfum 15. nóvember 2006 og þá tók Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektor við starfinu og gegndi því til 15. janúar 2007. Frá 15. janúar 2007 gegnir dr. Ágúst Einarsson starfi rektors.

Háskólaráð

Háskólaráð skólaárið 2005-2006 var skipað eftirfarandi einstaklingum:

Runólfur Ágústsson rektor

Bryndís Hlöðversdóttir forseti lagadeildar

Magnús Árni Magnússon forseti félagsvísindadeildar

Bernhard Þór Bernhardsson forseti viðskiptadeildar

Ingibjörg Ingvadóttir fulltrúi kennara

Bárður Örn Gunnarsson fulltrúi starfsmanna

Sigurður Kr. Sigurðarson formaður skólafélags

Agnes Hlíf Andrésdóttir fulltrúi meistaranema

Hrafnhildur Valdimarsdóttir fulltrúi nemenda í lagadeild

Kristján Pétur Kristjánsson fulltrúi nemenda í viðskiptadeild

Ingveldur Björg Jónsdóttir fulltrúi nemenda í félagsvísindadeild

Þórir Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri Nemendagarða

Stefán Kalmansson framkvæmdastjóri Háskólans á Bifröst

Steinbergur Finnbogason fulltrúi íbúaráðs

Leifur Þ. Welding fulltrúi nemenda í frumgreinadeild

Háskólaráð er samráðsvettvangur um starfshætti, samskipti og gæði í starfi háskólans. Háskólaráð er æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Samkvæmt núgildandi reglugerð sitja þar rektor, deildarforsetar, einn fulltrúi fastráðinna kennara úr hverri deild, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans, einn fulltrúi nemenda úr hverri deild háskólans og formaður hagsmunasamtaka nemenda. Fyrir hvern kjörinn fulltrúa skal jafnframt kjörinn varafulltrúi. Án atkvæðisréttar sitja í háskólaráði, sviðsstjóri kennslu, sviðsstjóri húsnæðis og sviðsstjóri fjármála auk fulltrúa frumgreinadeildar og fulltrúa hagsmunasamtaka íbúa.

Háskólaráð skólaárið 2006-2007 er skipað eftirfarandi einstaklingum:

Með atkvæðisrétt:

Ágúst Einarsson, rektor, frá 15. janúar 2007

Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektor og forseti lagadeildar

Reynir Kristinsson forseti viðskiptadeildar

Jón Ólafsson forseti félagsvísindadeildar


Ingibjörg Ingvadóttir, lektor, fulltrúi kennara í lagadeild
Bjarni Jónsson, dósent, fulltrúi kennara í viðskiptadeild
Grétar Þór Eyþórsson, prófessor, fulltrúi kennara í félagsvísindadeild
Bragi Þór Svavarsson fulltrúi starfsmanna
Júlíus Arnarson formaður skólafélags
Gísli Júlíus Sigurðsson fulltrúi nemenda í lagadeild
Róbert Grétar Pétursson fulltrúi nemenda í viðskiptadeild
Signý Óskarsdóttir fulltrúi nemenda í félagsvísindadeild

Án atkvæðisréttar:

Einar Valdimarsson sviðsstjóri fjármála
Guðrún Árnadóttir sviðsstjóri húsnæðis
Steinunn Eva Björnsdóttir sviðsstjóri kennslu
Georg Brynjarsson fulltrúi nemenda í frumgreinadeild
Þorvaldur Hjaltason fulltrúi íbúaráðs

Skipurit

Nýju skipuriti skólans frá janúar 2007 er lýst á eftirfarandi mynd:



Skammstafanir í skipuriti skólans eru:

ÁE: Ágúst Einarsson rektor

VD: Viðskiptadeild

RK: Reynir Kristinsson deildarforseti

LD: Lagadeild

BH: Bryndís Hlöðversdóttir deildarforseti

FD: Félagsvísindadeild

JÓ: Jón Ólafsson deildarforseti

SEB: Steinunn Eva Björnsdóttir sviðsstjóri kennslusviðs

EV: Einar Valdimarsson sviðsstjóri fjármálasviðs

GÁ: Guðrún Árnadóttir sviðsstjóri húsnæðissviðs

Frumgreinadeild

Nám í frumgreinadeild veitir eins árs sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám á Bifröst þeim sem ekki fullnægja inntökuskilyrðum um stúdentspróf og öðrum þeim sem vilja styrkja umsókn sína um nám á Bifröst með eins árs undirbúningi í grunnfögum. Í deildinni eru kennd þau grunnfög sem nýtast nemendum til undirbúnings fyrir nám í öllum háskóladeildum á Bifröst. Nám í frumgreinadeild er samtals 37 einingar á framhaldsskólastigi eða 18,5 einingar á hvoru misseri. Lögð er áhersla á kennslu í stærðfræði, bókhaldi og upplýsingatækni. Auk þess er kennd hagnýt enska, hagnýt danska, hagfræði, íslenska og lögfræði. Námið í deildinni er á framhaldsskólastigi og er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir er umsjónarmaður frumgreinadeildar.

Umsóknir um nám í frumgreinadeild á haustmisseri 2005 voru 115 talsins og hófu 68 nemendur, 33 karlar og 35 konur, nám í deildinni að hausti, eða 59 % af heildarfjölda umsækjenda. Meðalaldurinn var um 30 ár.

Umsóknir um nám í frumgreinadeild á haustmisseri 2006 voru 118 talsins og hófu 57 nemendur, 24 karlar og 34 konur, nám í deildinni að hausti, eða um 48 % af heildarfjölda umsækjenda. Meðalaldurinn var um 30 ár.

Viðskiptadeild

Kennsla í viðskiptadeild

Í grunnnámi viðskiptadeildar var boðið upp á staðnám og fjarnám. Sömu kröfur eru gerðar í stað- og fjarnámi en fjarnámið er stundað með vinnu og tekur tvöfaldan tíma á við staðnám. Hægt er að taka diplómanám í rekstrarfræði - 60 einingar - og BS gráðu í viðskiptafræði - 90 einingar. Í fjarnámi er auk þess boðið upp á viðskiptafræði með áherslu á verslun. Í meistaranámi var boðið upp á tvær MS-gráður í viðskiptafræðum, annars vegar í stjórnun og hins vegar banka- og fjármálafræðum. Kennslan í MS náminu fer fram í staðnámi í lok júlí og ágúst en í fjarnámi að hausti og vori. Í öllu fjarnámi eru 1-2 vinnuhelgar í tengslum við hverja námsgrein.

Í viðskiptadeild eru öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta kennd. Námið er allhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Meistaránám við skólann gekk mjög vel og sérstaklega hefur námið í banka- og fjármálafræðum vakið athygli.

Nemendur

Á haustönn 2005 sóttu 107 um nám í viðskiptadeild í staðnámi og hlutu 74 inngöngu þar af 41 karl og 33 konur. Það eru því 69% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 31 ár. Á haustönn 2005 sóttu 47 um nám í viðskiptadeild í fjarnámi og hlutu 41 inngöngu þar af 17 karlar og 24 konur. Það eru því 87% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 36 ár. Innritaðir meistaraneimar þetta skólaár voru 52 talsins.

Á haustönn 2006 sóttu 110 um nám í viðskiptadeild í staðnámi og hlutu 58 inngöngu þar af 35 karlar og 23 konur. Það eru því 53% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 27 ár. Á haustönn 2006 sóttu 144 um nám í viðskiptadeild í fjarnámi og hlutu 73 inngöngu þar af 41 karl og 32 konur. Það eru því 51% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 33 ár. Innritaðir meistaraneimar þetta skólaár voru 31 talsins.

Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu frá viðskiptadeild hafa verið sem hér segir:

Í janúar 2006 52 nemendur með BS próf og 1 með MS próf

Í maí 2006 54 nemendur með BS próf og 1 með MS próf

Í september 2006	1 nemandi með BS próf og 2 með MS próf
Í febrúar 2007	17 nemendur með BS próf og 2 með MS próf

Símenntun

Í símenntun var boðið upp á sérstakt nám fyrir verslunarstjóra sem skipulagt var í samráði við stærstu fyrirtækin í verslunarrekstri. Námið tekur tvö ár og fer fram í fjarkennslu og á vinnuhelgum. Haustið 2005 voru þátttakendur 66 og haustið 2006 71. Sex nemendur útskrifuðust með diplóma í verslunarstjórnun 13. janúar 2007.

Einnig var boðið upp á sérstakt nám fyrir konur sem ber heitið Máttur kvenna. Haustið 2005 var ekki boðið upp á námið en vorið 2006 voru þátttakendur 48. Námið er sambland af staðnámi og fjarnámi og tekur 11 vikur.

Forsetar viðskiptadeildar á tímabilinu voru Magnús Árni Magnússon, Bernhard Þ. Bernhardsson og Reynir Kristinsson.

Forseti viðskiptadeildar skólaárið 2006-2007 er Reynir Kristinsson.

Lagadeild

Kennsla í lagadeild

Lagadeild hóf sitt fimmta starfsár haustið 2005 og var kennsla með hefðbundnu sniði. Viðskiptalögfræði var kennd til BS gráðu, en námið í viðskiptalögfræði er fléttað saman úr greinum lögfræði og viðskipta og er þannig byrjað á sérhæfingu strax á fyrsta ári í náminu. Á starfsárinu var við deildina einnig kennt á meistarastigi, til ML gráðu í lögfræði og til MS gráðu í viðskiptalögfræði. Árið 2006 fékk skólinn einnig leyfi menntamálaráðuneytis til að kenna til MA gráðu í skattarétti og hófst kennsla í þeirri grein í júlí 2006.

Starfsmenn deildarinnar og önnur starfsemi

Deildarforseti frá 1. september 2005 er Bryndís Hlöðversdóttir, cand. jur, en hún tók við af Ingibjörgu Þorsteinsdóttur sem fór í fæðingarorlof og sneri sér síðan að kennslu- og rannsóknarstörfum við lagadeild. Fastráðnir kennarar við deildina á haustönn 2005 voru auk Bryndísar, dr. Herdís Þorgeirsdóttir prófessor, Ástráður Haraldsson hrl. dósent, Elín Blöndal, cand.jur, L.L.M, Ingibjörg Ingvadóttir, cand. jur., lektor, Birgir G. Magnússon hdl. lektor og Stefán Kalmansson, M.Sc., aðjúnkt. Þann 1. september 2005 tók jafnframt til starfa við deildina, Sigurður Arnalds, hrl., cand. jur, aðjúnkt.

Á haustönn 2006 voru fastráðnir 6 kennarar við deildina, þar af 3 í hlutastarfi: Bryndís Hlöðversdóttir, deildarforseti, dr. Herdís Þorgeirsdóttir, prófessor, Ástráður Haraldsson, dósent (í 60% starfi), Elín Blöndal, cand. jur, L.L.M (í 20% starfi), einnig forstöðumaður Rannsóknarseturs í jafnréttis- og vinnuréttarmálum, Birgir Magnússon, lektor, (í 50% starfi), Ingibjörg Ingvadóttir, lektor og Stefán Kalmansson, aðjúnkt (í 20% starfi við deildina).

Föstudaginn 11. nóvember 2005 stóð lagadeild Háskólans á Bifröst fyrir málþingi um virðisaukaskatt, en Ingibjörg Ingvadóttir lektor við deildina og sérfræðingur í skattarétti skipulagði þingið. Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst, hélt í samvinnu við Vinnumálastofnun og Vinnuréttarfélag Íslands, málþing um starfsmannaleigur í upphafi desember 2005. Dagana 1. og 2. júní 2006 var haldin ráðstefnan Tengslanet kvenna III, völd til kvenna, en dr. Herdís Þorgeirsdóttir prófessor skipulagði og undirbjó ráðstefnuna.

Nemendur

Um BS nám í lagadeild á haustönn 2005 sóttu 46 og hófu 33 nám og af þeim voru 17 karlar og 16 konur. Það eru því 71% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 25 ár. Fjöldi innritaðra meistaranema þetta skólaár var 11. Um BS nám í lagadeild á haustönn 2006 sóttu 85 og hófu 54 nám og af þeim voru 23 karlar og 31 kona. Það eru því 64% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 28 ár. Fjöldi innritaðra meistaranema þetta skólaár var 38.

Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu frá lagadeild hafa verið sem hér segir:

Í janúar 2006	15 nemendur með BS próf
Í maí 2006	24 nemendur með BS próf og 1 með MA próf
Í september 2006	2 nemendur með BS próf
Í febrúar 2007	19 nemendur með BS próf og 6 með MA próf

Forseti lagadeildar skólaárið 2006-2007 er Bryndís Hlöðversdóttir.

Félagsvísindadeild

Kennsla í félagsvísindadeild

Skólaárið 2005-2006 var fyrsta starfsár félagsvísindadeildar. Deildin bauð upp á fyrsta ár í námi til B.A. prófs í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) og þegar námsárið hófst voru 50 nemendur skráðir í deildina. Námið fór vel af stað, en til að byrja með þótti talsvert nýjabrum að kennslu í heimspeki og stjórnmálafræði til viðbótar við kennsluna í lögfræði og viðskiptagreinum sem fyrir var. Lögð var áhersla á að HHS námið væri félagsvísindanám á traustum akademískum grunni sem um leið væri góður undirbúningur að hvers kyns atvinnuþátttöku.

Deildin tók við meistaranámi í hagnýtum hagvísindum frá viðskiptadeild, en einnig var hafist handa við að skipuleggja nýtt nám í Evrópufræðum. Menningar- og menntastjórnun var áfram í viðskiptadeild framan af, en það fór yfir í félagsvísindadeild undir lok skólaársins. Frá og með skólaárinu 2006-2007 kallast það meistaranám í menningarstjórnun.

Starfsmenn deildarinnar

Við upphaf fyrsta námsársins voru 8 fastir starfsmenn við deildina, þar af þrír í fullu starfi. Prófessorar voru þrír, dósentar þrír og aðjúnktar tveir, en annar þeirra gegndi jafnframt starfi alþjóðafulltrúa á kennslusviði. Deildarforseti skólaárið 2005-2006 var Magnús Árni Magnússon. Jón Ólafsson leysti hann af frá 1. nóvember 2005 til 1. febrúar 2006.

Nemendur

Samtals sóttu 58 um að hefja nám í HHS við deildina haustið 2005 og hóf 41 nám, þar af 20 karlar og 21 kona. Það eru því 71% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 25 ár.

Samtals sóttu 79 um að hefja nám í HHS við deildina haustið 2006 og hófu 53 nám, þar af 24 karlar og 29 konur. Það eru því 67% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist og meðalaldur þeirra var 26 ár. Innritaðir meistaranemar voru 23. Fimm nemendur hafa verið útskrifaðir með meistaraþátttöku frá félagsvísindadeild.

Forseti félagsvísindadeildar skólaárið 2006-2007 er Jón Ólafsson.

Skólafélag Háskólans á Bifröst

Helstu atriði í starfi Skólafélagsins starfsárið 2005-2006 voru að standa vörð um hagsmuni nemenda og stuðla að virku félagslífi. Í háskóla skiptir miklu máli að halda uppi góðu og sterku nemendafélagi þar sem sameinast áhersla á hagsmunamál, þjónustumál og skemmtanir. Skólafélagið hefur reynt eftir bestu getu að sinna þeim störfum en stefna stjórnar var að byggja á gömlum grunni auk þess að brydda upp á nýjungum og tókst það mjög vel.

Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og margir tóku þátt í því að gera vistina á Bifröst sem skemmtilegasta. Meðal þess sem skólafélagið stóð fyrir voru fjölmargir tónleikar, þemakvöld og fleira.

Stjórn Skólafélags Háskólans á Bifröst 2005-2006 skipuðu eftirtaldir einstaklingar:

Sigurður Kr. Sigurðsson formaður

Hlédís Sveinsdóttir ritari og varaformaður

Einar Már Björnsson félagsmálafulltrúi

Haukur Skúlason gjaldkeri

Jónína Brynjólfsdóttir fulltrúi nýnema

Ásta Guðmundsdóttir upplýsingafulltrúi

Á starfsárinu 2006-2007 hefur félagið sem fyrr staðið vörð um hagsmuni nemenda og haldið uppi virku félagslífi. Dregið var úr skemmtanahaldi á fimmtudögum og lögð áhersla á að skapa rólega kaffihúsastemningu í stað stærri skemmtana og gafst það nokkuð vel. Spurningakeppnin Gettu Bifröst var haldin á hverjum þriðjudegi við mikla hrifningu.

Sérstök skemmtinefnd sá að miklu leyti, ásamt félagsmálafulltrúa, um skipulag og undirbúning atburða og skemmtana. Skemmtanir sem staðið var fyrir á sl. ári voru fjölbreyttar að vanda.

Skólafélagið hefur einnig skipulagt og séð um aðra atburði fyrir Bifrestinga á árinu, sem ekki myndu teljast til kvöldskemmtana, svo sem hrekkjavökudansleik fyrir yngri kynslóðina, vísindaferð í KB banka í Borgarnesi, HM fótboltaleik og sumarútilegu í Stykkishólmi. Ennfremur kom leiksýningin Typpatal hingað síðastliðið sumar og var sett

upp í Hriflu. Þá var haldið upp á 51 árs afmæli félagsins með 3 m langri súkkulaðiköku nú í haust.

Stjórn Skólafélags Háskólans á Bifröst 2006-2007 skipuðu eftirtaldir einstaklingar:

Bryndís Ósk Jónsdóttir formaður

Hildur Georgsdóttir ritari og varformaður

Matthildur Stefanía Þórsdóttir gjaldkeri

María Einarsdóttir upplýsingafulltrúi

Máni Eskur Bjarnason félagsmálafulltrúi

Eva Hlín Alfreðsdóttir fulltrúi nýnema

Bókasafn

Starfsmenn

Starfsmenn frá 1. ágúst 2005 - 31. desember 2006 voru eftirfarandi:

Andrea Jóhannsdóttir, háskólabókavörður (frá 1. júlí 2005).

Súsanna Flygenring, bókasafnsfræðingur (frá 15. október 2005 – 1. október 2006).

Eva Ingibjörg Sumarliðadóttir, bókasafnstæknir (frá 1. janúar 2006) og nemendur sem sinntu afgreiðslustörfum á kvöldin og um helgar.

Einnig vann Gróa Björnsdóttir, bókasafnsfræðingur, við skráningu lokaverkefna á haustdögum 2006.

Starfsemin

Hafin var vinna við að innleiða bóksafnskerfið Gegni í júlí 2005 og hófst hún með því að eintakatengja og skrá ritakost safnsins. Jafnframt var bókakostur yfirfarinn og ónothæf rit afskrifuð. Við þessa vinnu kom í ljós að mjög mikið af skráðum (í Metrabókarkerfið) ritum var horfið. Til að bregðast við þessu var bókasafninu læst, þ.e. aðeins starfsmenn safnsins hafa lykil að safninu, en settur upp fastur afgreiðslutími alla daga vikunnar. Þessi breyting hefur gjörbreytt allri umgengni við safnkostinn og heyrir nú til undantekninga að rit glatist. Breytingar voru einnig gerðar á uppröðun safnkostsins. Innra rými safnsins sem hafði verið setustofa var breytt í lestrarsal með sætum fyrir 10 – 12 gesti. Komið var fyrir þar handbókum ásamt Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum og Hæstaréttardómum. Lesbásar sem höfðu tekið mikið pláss í bókasafninu voru fjarlægðir og keyptar hillur í þeirra stað. Einnig var sett upp afgreiðsluborð. Áfram voru rit skráð í Metrabókarkerfið og útlán fóru fram í gegnum það kerfi til 1. september 2006 en þá hófust útlán í Gegni og með því tekið stórt skref til aukinnar þjónustu og hagræðis.

Ritakostur

Áfram var haldið að byggja upp ritakostinn og keypt inn markvisst rit fyrir hinar nýju deildir skólans, lagadeildina og félagsvísindadeildina til viðbótar við efni fyrir viðskiptadeildina. Ný aðföng voru 1.100 bækur, einnig voru tekin í áskrift u.þ.b. 10 tímarit. Safnið hélt áfram að kaupa aðgang að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn á Hvarfis býður upp á. Nú er keyptur aðgangur að: *Karnov og Ugeskrift for Retsvæsen*, *MarketLine*, *Morgunblaðinu*, *OECD-gagnasöfnunum* og *Réttarríkinu*. Búið var að skrá í Gegni 31. des. 2006 7.666 rit, þar af 173 lokaritgerðir frá árunum 2005 og 2006. Er þetta megnið af virkum ritakosti safnsins, en þar til viðbótar er

talsvert til af ritum sem standa á lesstofu, lokaverkefni og misserisverkefni sem höfðu verið skráð í Metrabókina og því hluti af þeim 14.000 ritum sem þar eru á skrá.

Útlán

Útlán (01.08.2005-31.12.2006) voru 6.371 í safninu. Í millisafnalánum voru fengin 224 rit og útvegaðar 107 greinar. Einnig höfum við fengið í langtímalán Alþingistíðindi 1944 - 1965 frá Bóka- og byggðasafni N-Þing. á Kópaskeri. Til annarra safna voru lánuð 7 rit.

Annað

Starfsmenn safnsins tóku þátt í samstarfi bókasafna á Íslandi og erlendis. Háskólabókavörður fór í kynnisferð og tók þátt í ráðstefnu NORDINFO í Helsingfors, bókasafnsfræðingarnir og fulltrúi lagadeildar í bókasafnsnefnd sátu ráðstefnu norrænna lagabókavarða í Kaupmannahöfn. Háskólabókavörður gegnir nú formennsku í Alefli notendafélagi Landskerfis bókasafna. Háskólabókaverðir og lagabókaverðir íslenskir, héldu fundi hér á Bifröst. Einnig komu í kynnisferðir hingað starfsfólk bókasafns Háskólans í Reykjavík, tímaritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns og starfsfólk Safnahússins í Borgarnesi.

Safnið hefur fengið góðar gjafir frá ýmsum en við viljum sérstaklega nefna hjálpssemi yfirbókavarðar Bókasafnsins á Ísafirði sem hefur sent okkur aukaеintök af Alþingistíðindum frá Lestrarfélaginu á Þingeyri og með því létt lífið hjá laganemum.

Í bókasafnsnefnd sitja nú: Sigurður Ragnarsson fyrir viðskiptadeild, Ingibjörg Ingvadóttir fyrir lagadeild, Birgir Hermannsson fyrir félagsvísindadeild.

Andrea Jóhannsdóttir er forstöðumaður bókasafns Háskólans á Bifröst.

Náms- og starfsráðgjöf

Við náms- og starfsráðgjöf skólans starfaði Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir ein í 85% starfi haustið 2005, en í janúar 2006 var annar ráðgjafi, Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir, ráðinn til viðbótar, í 25% starf. Ólöf hafði þá haldið tvö námskeið á haustönn, sem verktaki. Viðvera Erlu var þrjú dagar í viku en Ólafar einn dagur í viku. Meginverkefni Ólafar var ýmiss konar námskeiðahald um vinnulag og viðhorf í námi, auk þess sem hún hafði opinn viðtalstíma fyrir nemendur, 2 klst. á viku.

Virkir nemendur voru 613 á skólaárinu, samkvæmt upplýsingum úr skýrslu háskólans til Hagstofu Íslands dagsettri í nóvember 2005, sem þýðir að hlutfall nemenda og stöðugildis í náms- og starfsráðgjöf fyrir áramót var nálægt 1 á móti 720, sem er talsverð breyting frá árinu áður, þegar hlutfallið var 1 á móti 540. Hafa ber í huga að á haustönn sá verktaki um námskeið fyrir nemendur sem undirrituð hefði ella séð um, sem réttir þetta hlutfall að einhverju leyti. Eftir áramót var hlutfallið um það bil 1 á móti 560.

Samkvæmt álitni nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins, um eflingu náms- og starfsráðgjafar, frá árinu 1998, er æskilegt hlutfall stöðugilda náms- og starfsráðgjafa og fjölda nemenda eitt stöðugildi á hverja 3-500 nemendur. Mikilvægt er að gæta þess að halda þjónustustigi námsráðgjafar a.m.k. í horfinu, í hlutfalli við fjölgun nemenda.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafar

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafar er að veita nemendum margvíslegan stuðning í námi, s.s. ráðgjöf um námstækni og tímastjórnun, sálfræðilega ráðgjöf vegna prófkvíða og persónulegra örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og ráðgjöf vegna náms- og starfsvals eða starfsþróunar. Ráðgjafi sér um að leiðbeina nemendum sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veitir ráðgjafi einstaklingum sem huga að námi við skólann ráðgjöf varðandi námsval og umsókn. Aðstoðin fer fram í gegnum viðtöl og námskeið.

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir hélt tvö námskeið á haustönn, annars vegar um vinnubrögð og viðhorf í námi og hins vegar um tímastjórnun. Námskeiðin voru ágætlega sótt af nemendum. Ólöf hélt fleiri styttri námskeið, svo sem um lestrartækni og hraðlestur, auk tímastjórnunar. Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir hélt námskeið fyrir útskriftarnema: „Starfsval og -leit“ sem miðar að því að gera nemendur betur undirbúna fyrir skrefið frá námi til

starfs, þ.e. auðvelda þeim að velja starfssvið, auk þess sem farið var yfir ýmsa hagnýta þætti sem gagnast við atvinnuleit, svo sem undirbúning fyrir viðtöl, gerð ferilskráa og kynningarbréfa.

Atvinnumiðlun Bifrastar

Atvinnumiðlunin sem hefur verið í umsjá undirritaðrar í samvinnu við markaðsstjóra, hefur tvíþætt markmið; (1) að gera útskriftarnema sýnilegri meðal aðila atvinnulífsins og (2) að stuðla að og greiða fyrir ráðningu nemenda í störf að námi loknu. Í þessu skyni býðst útskriftarnemum aðstoð við að gera ferilskrár og fá þær síðan birtar á heimasíðu skólans. Þá býðst ráðningaraðilum aðstoð við að finna starfsmenn úr röðum nemenda með milligöngu starfsmanna skólans sem hjálpa til við greiningu starfa og hæfniskrafna þeirra og gefa umsögn um nemendurna.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Mánaðarlega, þ.e. miðað við 4 vikur, voru í boði 44 fyrirframbókuð 45 mínútna viðtöl, auk þess sem opin (óbókuð) 15 mínútna viðtöl voru tvo daga í viku, 90 mínútur í senn. Á vorönn voru báðir ráðgjafar með opin viðtöl annan þessara daga sem þýðir að opin viðtöl voru í boði 4,5 klst. á viku. Viðtalstímarnir voru sem fyrr mjög þétt setnir og oft varð 2ja til 3ja vikna bið eftir fyrirframbókuðu viðtali.

Önnur verkefni

Á vorönn var könnun á sálfélagslegu starfsumhverfi starfsfólks háskólans lögð fyrir í þriðja sinn og sá undirrituð um undirbúning og úrvinnslu hennar. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar sviðsstjóra þjónustu og starfsmannamála og gæðastjóra í ágúst.

Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir er forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar Háskólans á Bifröst.

Tölvuþjónusta

Við upphaf haustmíssis 2005 störfuðu í tölvudeild Ólafur Bjarni Guðmundsson netstjóri í 100% starfi en hann lét síðar af störfum, og Bragi Þór Svavarsson vefstjóri og aðstoðarmaður netstjóra. Bragi Þór Svavarsson tók við umsjón kennslukerfa í 100% starfi haustið 2005. Við þá breytingu var Hjalti Rósinkrans Benediktsson ráðinn aðstoðarmaður netstjóra og síðar sérfræðingur í tölvudeild. Sumarið 2006 var Sigurður Kristófersson ráðinn í fullt starf við notendabjónustu við nemendur. Hann tók síðan við starfi netstjóra haustið 2006 og Unnur Ólafsdóttir tók við notendabjónustunni. Einnig starfaði Elí Sigursteinn Þorsteinsson í tölvudeild skólaárið 2005 – 2006.

Grunnkerfi skólans tóku einnig breytingum. Vélbúnaður skrárþjóns var endurnýjaður. Vélbúnaður eldveggis var endurnýjaður ásamt stýrikerfi. Innranet hefur verið byggt upp með ljósleiðurum í allt leiguhúsnæði á kampus. Kjarnanet Bifrastar er nú allt 1Gbs og notendanet á 54 og 100 Mbs. Á vorönn 2006 var tenging skólans við veraldarvefinn stækkuð. Aðaltenging var flutt yfir í 1Gbs ljósleiðara á Gigahring RHnet í Reykjavík. Er háskólinn langtum framar viðmiðum er sett eru fram í fjarskiptaáætlun samgönguráðuneytis fyrir 2005-2010. Að lokum var á vorönn 2006 afritun gagna færð til SecurStore. Öll gögn skólans eru nú send dulkóðuð yfir ljósleiðara í gagnamiðstöð utan Bifrastar.

Í upphafi haustmíssis 2005 var farið af stað með að nota kennslukerfið Námskjá ehf sem er í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjöltækniskólans, Nepal hugbúnaðar og Háskólans á Bifröst. Þetta kerfi var frá haustönn 2005 notað til dreifingar kennsluefnis bæði í fjarnámi og staðnámi. Til útsendingar á kennsluefni eru notuð ýmis önnur forrit til að gera fyrirlestra. Frá haustönn 2005 var ráðið í fullt stöðugildi við umsjón með Námskjá og aðstoð við nemendur á Námskjá og aðstoð við kennara við miðlun námsefnis bæði í stað- og fjarnámi.

Samningur við Outcome hugbúnað ehf. um aðgang að kannanakerfi fyrir nemendur og skólann var framlengdur, sem og samningur við Tölvunám ehf. um aðgengi nemenda að veflægri kennslu á ýmis forrit í Office pakkanum.

Vefurinn

Anna Guðmundsdóttir tók við ritstjórn vefs Háskólans á Bifröst síðla hausts árið 2005. Fljótlega var hafist handa við að undirbúa nýja og endurbætta heimasíðu og var það gert í samvinnu við auglýsingastofuna Jónsson og Lemacks ehf. Það voru einkum ritstjóri og markaðsstjóri sem komu að undirbúningsvinnunni; þeir skipuðu og stýrðu rýnihópum nemenda og kennara og unnu úr tillögum þeirra. Í febrúar 2006 var ný og endurbætt heimasíða opnuð.

Í stórum dráttum má skipta vef Háskólans á Bifröst í eftirfarandi þætti: Forsíðu, þar sem birtar eru fréttir og tilkynningar; *Um Bifröst*, *Nám á Bifröst*, *Háskólaþorpið* og *Rannsóknir* og hefur hver um sig fjölmargar undirsíður. Til rannsóknahlutans heyra sérstök vefsvæði Rannsóknamiðstöðvar; Rannsóknaseturs verslunarinnar, Rannsóknaseturs vinnuréttar og jafnréttismála og Evrópufræðaseturs. Þá er í vinnslu vefsvæði Hollvinasamtaka Háskólans á Bifröst og verður það opnað innan skamms. Forstöðumenn rannsóknarstofnana bera ábyrgð á því vefsvæði sem að þeim snýr og sjá að mestu um að viðhalda þeim. Sérstakur kennaravefur er í umsjón ritstjóra en þar birtast upplýsingar um kennara og annað starfsfólk, ferilskrár o.þ.h. Þá er ensk útgáfa af vefnum en hún nær enn sem komið einungis til þess hluta er snýr að námi á Bifröst.

Tvö tímarit eru gefin út á vef Háskólans á Bifröst. *Tímarit um félagsvísindi* birtir ritrýndar fræðigreinar og greinar í vinnslu. Ritstjóri þess er dr. Grétar Þór Eypórsson, prófessor og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst. *Mánudagspósturinn* kemur út hálfsmánaðarlega eða þar um bil. Hann er í umsjón ritstjóra og er hlutverk hans að greina frá því sem hæst ber í leik og starfi á Bifröst hverju sinni. Þá er rekið á heimasíðu Háskólans á Bifröst sérstakt nemendablogg sem jafnframt er í umsjón ritstjóra. Fimm nemendur blogga þar að jafnaði um námið og daglegt líf á Bifröst og koma þeir úr háskóladeildunum þremur og meistaranáminu. Að meðaltali eru daglegir notendur vefsins nálægt eitt þúsund talsins.

Anna Guðmundsdóttir er ritstjóri vefs Háskólans á Bifröst.

Alþjóðaskrifstofa

Öflugt starf var í alþjóðasamskiptum á skólaárinu 2005-2006. Bjartur Logi Ye Shen og Ian Watson tóku við af Sigrúnu Hjartardóttur í ágúst 2005 og Kristín Ólafsdóttir tók við af þeim. Á skólaárinu héldu 41 nemendur utan, 39 í BS/BA námi og 2 meistaranemar. 11 fóru í Erasmus skiptinám, 6 vegna tvíhliða samninga og 24 í borgandi skiptinám. Þetta árið breyttust samningar við samstarfsskóla okkar í Kína, Shanghai háskóla, á þann veg að Bifröst fékk borgandi samning við stofnunina í eigin nafni í stað þess að fara í gegnum Kokkola í Finnlandi. 23 nemendur héldu til náms í Shanghai á tímabilinu mars-júní 2006 og starfsfólk frá Bifröst fór í tvær heimsóknir til Kína.

Í lok júní 2006 var búið að samþykkja 49 nemendur í skiptinám fyrir skólaárið 2006-2007. 23 nemendur komu til Bifrastar frá erlendum samstarfsskólum, 21 á vegum Erasmus og 2 vegna tvíhliða samninga. Mikil vinna var lögð í skipulagningu á móttökuferli erlendra skiptinema og enska vefsíðan var endurskoðuð. Sett var upp ensk síða á innra neti skólans og handbók skiptinema var útbúin. Í fyrsta sinn var boðið upp á sumarnám fyrir erlenda skiptinema og komu 6 nemendur á sumarönn.

Erasmus samningar urðu 22 og tvíhliðasamningar 6. 12 nýjum skólum var bætt við á skólaárinu; Fachhochschule Wiener Neustadt, Katholieke Hogeschool Leuven, Vysoká Škola Finanční a Správní, Vaasa Polytechnic, Ecole Supérieure de Commerce et Management at the Catholic University of Lyon, Pázmány Péter Catholic University Faculty of Law, Università Carlo Cattaneo, University of Malta, Moray College, University of Ljubljana Faculty of Social Sciences, Sung Kyun Kwan University og Singapore Management University. Einn samningur var ekki endurnýjaður við háskóla í Frakklandi.

Bifröst gerðist aðili að Nordplus og meðlimur í University of the Arctic. Farið var á EAIE rástefnuna í Kraków í september 2005 og heimsóttir voru samstarfsskólar í Prag, Brno og Hof í apríl 2006. Fulltrúar frá skólum í Lüneburg og Rietavas heimsóttu Bifröst.

Kristín Ólafsdóttir er alþjóðafulltrúi Háskólans á Bifröst.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Skýrsla þessi tekur til tímabilsins frá og með ágústmánuði 2005 til ársloka 2006. Árið 2005 var fyrsta heila starfsár Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst. Rannsóknamiðstöðin sinnir ýmis konar rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Megináherslur rannsókna og ráðgjafar hafa verið á sviði sveitarstjórnarmála, byggðamála og opinberrar stjórnsýslu.

Starfsfólk

Forstöðumaður er dr. Grétar Þór Eyþórsson sem jafnframt er prófessor við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Hóf hann störf þann 1. ágúst 2005. Aðrir starfsmenn voru Hólmsfríður Sveinsdóttir stjórnsýslufræðingur, MPA, og Dofri Hermannsson meistaranemi í hagnýtum hagvísindum sem starfaði frá ágúst 2005 til loka apríl 2006. Í júní 2006 var Kolfinna Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur ráðin í fullt starf. Á árinu 2006 hafa einnig Jón Rúnar Sveinsson fil. lic. félagsfræðingur og Vífill Karlsson dósent við Háskólann á Bifröst og ráðgjafi hjá SSV ráðgjöf unnið að verkefnum fyrir miðstöðina í verktöku.

Stjórn

Haustið 2005 var mynduð stjórn sem vera skyldi til faglegrar ráðgjafar. Í henni sitja: Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, Salvör Jónsdóttir, forstöðumaður skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar – nú ráðgjafi hjá ALTA (formaður), Stefán Kalmannsson fjármálastjóri og nú aðjúnkt við Háskólann á Bifröst og Þórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður.

Starfsemin

Eftirtalin verkefni voru unnin/hafin vinna við á tímabilinu:

Rannsóknarverkefni:

Vestnordens økonomiske relationer

Samstarfsaðili er Byggðarannsóknasetur Færeyja (Granskningardepilinn fyrir Ökismenning), en verkkaupi er Norræna ráðherranefndin. Unnin er skýrsla um efnahagsleg og félagsleg tengsl Vestur Norðurlandanna; Íslands, Færeyja og Grænlands. Skýrslunni er ætlað að leggja mat á framtíðarhorfur og framtíðartækifæri landanna. Tveir

geirar atvinnulífs eru skoðaðir sérstaklega; ferðamennska og sjávarútvegur. Verkið er unnið af Grétari Þór Eyþórssyni o.fl. Verklok eru áætluð vor/sumar 2007.

Center-Periferi polariseringens problematik och följder. BOREG

Norræna ráðherranefndin veitti styrk í verkefnið. Skoðuð eru tengsl byggðaröskunar og eignarhalds á húsnaði á afskekktum svæðum á öllum Norðurlöndunum. Tilgátan er að mismunandi eignarhald á húsnaði hafi áhrif á þróunina. Verkið er unnið af Grétari Þór Eyþórssyni og Jóni Rúnari Sveinssyni. Áætluð verklok eru 2007.

Viðhorf alþingismanna og sveitarstjórnarmanna til framtíðarstefnumótunar í sveitarstjórnarmálum

Verkkaupi var félagsmálaráðuneytið. Gerð var könnun á viðhorfum sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til eflingar og framtíðar sveitarstjórnarstigsins. Verkið var unnið af Grétari Þór Eyþórssyni, Kolfinnu Jóhannesdóttur og Hólmfríði Sveinsdóttur.

Skýrslu var skilað í september 2006.

Ímynd Vesturlands

Verkkaupi var Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og SSV atvinnuráðgjöf.

Haustið 2006 var gerð skoðanakönnun meðal úrtaks íbúa höfuðborgarsvæðisins sem og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra um það hvaða ímynd Vesturland og svæði þess hefðu í þeirra augum. Einnig voru haldnir rýnihópafundir í höfuðborginni. Skýrslu RHB var ætlað að vera stefnumótandi fyrir vinnu við Vaxtarsamning Vesturlands. Verkið var unnið af Grétari Þ Eyþórssyni, Evu Heiðu Önnudóttur, Kolfinnu Jóhannesdóttur og Hólmfríði Sveinsdóttur. Verkinu var ekki lokið í árslok 2006, en því lauk í janúar 2007.

Ábrif Bakkafjöruhafnar á samfélag og byggð í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi

Verkið er unnið fyrir stýrihóp um Bakkafjöruhöfn, skipaðan fulltrúum samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Verkefnið felst í að kortleggja og meta áhrif siglinga Vestmannaeyjaferju frá Bakka í Landeyjum á samfélags og byggðapróun í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Það áhrifasvæði sem verkefnið er talið taka til er Vestmannaeyjar, Rangárþing eystra auk annarra nágrannasveitarfélaga og byggð á Suðurlandi. Verkið var unnið af Grétari Þ Eyþórssyni, Kolfinnu Jóhannesdóttur og Vífli Karlssyni. Verkinu var ólokið í árslok 2006.

Þróunar- og ráðgjafarverkefni:

Verkefnisstjórn við sameiningarferli sveitarfélaga í Borgarfirði, Kolbeinsstaðahreppi og á Mýrum

Verkkaupi var sameiningarnefnd þessara sveitarfélaga. Verkefnið fólst í umsjón með undirbúningi þeirra breytinga sem fóru í hönd við sameiningu sveitarfélaganna vorið 2006. Unnar voru tillögur að nýju skipuriti sveitarfélagsins, að starfsmannamálum þess og gerð drög að samþykktum, erindisbréfum nefnda o.fl. Þá var haldið íbúáþing á Hvanneyri í nóvember 2006. Verkefnið var aðallega unnið af Hólmsfríði Sveinsdóttur, en einnig komu Grétar Þór Eypórsson og Dofri Hermannsson að þessari vinnu. Verkefninu lauk vorið 2006.

Íbúáþing í breppunum sunnan Skarðsheiðar, haldið að Hlöðum 14/1 2006

Samvinnuaðili í verkefninu var Stjórnsýsluráðgjöf ehf. Verkefnið fólst í hópstjórnun á þinginu sem og þátttöku í skýrslugerð vegna íbúáþingsins. Að því komu Grétar Þór Eypórsson, Hólmsfríður Sveinsdóttir og Dofri Hermannsson auk verktaka.

Íbúáþing í nýsameinuðu sveitarfélagi í Flóa (Flóahreppi) 25. mars 2006

Samvinnuaðili í verkefninu var Stjórnsýsluráðgjöf ehf. Verkefnið fólst í hópstjórnun á þinginu sem og þátttöku í skýrslugerð vegna íbúáþingsins. Að því komu Hólmsfríður Sveinsdóttir og Dofri Hermannsson auk verktaka

Fundir, fyrirlestrar og ráðstefnur:

Á fleygjferð - Vesturland morgundagsins

Ráðstefna sem haldin var þann 27. janúar 2006 í samstarfi Rannsóknamiðstöðvarinnar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þar voru flutt fjölbreytt erindi um framtíð og tækifæri Vesturlands. Meðal ræðumanna voru Salvör Jónsdóttir forstöðumaður skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna sf., dr. Grétar Þór Eypórsson forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar og Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri NFS. Ráðstefnan fór fram á Bifröst.

Alþjóðlegt málþing um vinnumiðlanir í dreifbýli

Föstudaginn 31. mars stóð Rannsóknamiðstöðin fyrir alþjóðlegu málþingi um vinnumiðlanamál í samvinnu við Vinnumálastofnun. Þingið fór fram á Bifröst og var yfirskrift þess: The structure and function of the Labour Market Authorities within

sparsely populated areas in the North Atlantic Area. Are there some mutual problems? Þarna fluttu sérfræðingar frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Nýfundnalandi erindi. Dr. Grétar Þór Eyþórsson fjallaði um þjónustu og hlutverk vinnumiðlana á Íslandi og í Norður Noregi. Bar það yfirskriftina: *Labour Market Services in the Nordic Periphery. The Icelandic and Norwegian cases*. Auk sérfræðinganna taka þátt í fundinum sérfræðingar frá Vinnumálastofnun og forstöðumenn svæðisvinnumiðlana víðsvegar um landið. Meginmarkmið málþingsins var að leggja drög að samanburðarrannsókn á starfsemi og hlutverki svæðisvinnumiðlana í dreifbýli á Norður Atlantshafinu.

Hlutverk háskóla í þróun samfélags

Rannsóknamiðstöðin og Borgarbyggð stóðu fyrir kynningarfundum um hlutverk háskóla í þróun samfélags. Þar kynnti Kolfinna Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur og starfsmaður Rannsóknamiðstöðvarinnar niðurstöður rannsóknar sinnar á svæðisbundnum áhrifum Háskólans á Bifröst. Kynningin fór fram á Bifröst miðvikudaginn 14. júní.

Grétar Þór Eyþórsson er forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst.

Rannsóknasetur á Bifröst

Á Bifröst eru fjögur sérhæfð rannsóknasetur, en þau eru sjálfstæðar stofnanir með eigin stjórn. Eitt þessara setra, Rannsóknasetur um húsnæðismál, var lagt niður árið 2006 þegar samningar um fjármögnun runnu út.

Evrópufræðasetur

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn með aðsetur á Bifröst. Setrið var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir rannsóknir og allhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið.

Fyrsta verkefni setursins var að þróa og hafa umsjón með nýju meistaranámi í Evrópufræðum sem félagsvísindadeild skólans hleypti af stokkunum sumarið 2006. Evrópufræðasetrið hefur síðan verið faglegur bakhjarl meistaranámsins í Evrópufræðum. Evrópufræðasetrið hefur frá stofnun rekið upplýsingavef um Evrópumál og starfsemi setursins á slóðinni www.evropa.bifrost.is.

Starfsmaður setursins hefur á tímabilinu sent frá sér fjölmargar ritgerðir og greinar auk þess að flytja tilfallandi erindi. Útgefið efni er að finna á vef setursins. (Sjá yfirlit hér: http://www.evropa.bifrost.is/default.asp?sid_id=24391&tre_rod=004|&tId=1). Einnig eru meistararitgerðir útskrifaðra Evrópufræðinga frá Bifröst á vefnum.

Nokkuð hefur verið um að hagsmunasamtök og opinberir aðilar hafi leitað til setursins með umsagnir og ráðgjöf. Til að mynda var forstöðumaður boðinn á fund með Evrópunefnd forsætisráðherra og sat fyrir svörum nefndarmanna. Hinn 15. nóvember 2006 stóð Evrópufræðasetrið á Bifröst fyrir ráðstefnu um Evrópusamvinnuna og lýðræðið á Grand Hôtel í Reykjavík. Aðalfyrirlesari var Marius Vahl, sérfræðingur um málefni EFTA ríkjanna hjá CEPS stofnuninni (Center for European Policy Studies) í Brussel. Evrópufræðasetrið bauð honum til landsins. Á ráðstefnunni var einnig kynnt ný ritgerð eftir forstöðumann setursins, *Verktakinn í Brussel*.

Vorið 2006 var gengið frá samningi við Alþýðusamband Íslands og Samtök iðnaðarins um ritun bókar þar sem greint verður hvaða áhrif það hefði á íslenskt efnahagslíf og íslenskt samfélag ef evra yrði gerð að lögeyri á Íslandi. Ráðgert er að bókin komi út um mitt ár 2007. Evrópufræðasetrið sér bæði um útgáfu og ritun bókarinnar. Höfundar eru Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórn málafræðingur og Jón Þór Sturluson, hagfræðingur. Í lok árs 2006 var gengið frá samningi við Neytendasamtökin um skýrslu sem á að greina hvaða áhrif ESB-aðild hefur fyrir hagsmuni neytenda á Íslandi. Ráðgert er að verkinu ljúki í árslok 2007. Höfundar eru Eiríkur Bergmann Einarsson og Eva Heiða Önnudóttir, sérfræðingur á Rannsóknamiðstöð Bifrastar.

Stjórn setursins skipa:

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, formaður

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, varaformaður

Halldór Grönvold varaforseti Alþýðusambands Íslands

Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins

Jón Ólafsson forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst

Eiríkur Bergmann Einarsson er forstöðumaður Evrópufræðasetursins.

Rannsóknasetur verslunarinnar

Rannsóknasetur verslunarinnar vinnur að ýmsum hagnýtum rannsóknum sem nýtast verslun á Íslandi, einkum á sviði tölfræði. Rannsóknasetrið birtir mánaðarlega svokallaða smásöluvísitölu sem sýnir veltu smásöluverslunar í hverjum mánuði. Þá er unnið að ýmsum úttektum og rannsóknum varðandi verslun í landinu. Rannsóknasetrið tekur einnig þátt í uppbyggingu BS náms í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst með áherslu á smásöluverslun og stuðlar þannig að auknum rannsóknum og þekkingu varðandi verslun.

Almennt felst starfsemi Rannsóknasetursins í því að fylgjast með þróun og breytingum sem varða verslun í landinu og koma á framfæri upplýsingum um það til fyrirtækja og almennings. Rannsóknasetrið gegnir lykilhlutverki sem upplýsingaveita um vísitölur og aðra tölfræði sem stjórnendur í verslun þurfa á að halda í ákvarðanatöku í daglegri stjórnun og vegna stefnumótunar til lengri tíma.

Að rannsóknasetrinu standa, auk Háskólans á Bifröst, stærstu verslunarfyrirtækin í landinu, viðskiptaráðuneytið og SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu auk þess sem Pokasjóður hefur veitt styrki til starfseminnar. Þá aflar rannsóknasetrið sértekna með verkefnavinnu fyrir einstök fyrirtæki og opinbera aðila.

Nýr forstöðumaður, Emil B. Karlsson, tók við starfsemi rannsóknasetursins í október 2006 af Jóni Þór Sturlusyni. Auk forstöðumanns tekur Erla Einarsdóttir meistaranemi í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst þátt í starfseminni.

Meðal verkefna sem Rannsóknasetrið hefur unnið á starfsárinu eru eftirfarandi:

Ítarleg rannsókn á skattlagningu neyslu á Íslandi samanborið við nágrannalönd. Rannsókninni lauk með útgáfu skýrslu í október 2005.

Forsendur og kostnaður vegna vörumerkinga á innfluttum vörum. Skýrsla gefin út í febrúar 2006.

Rannsókn um áhrif álagningar olúgjalds á flutningskostnað á Vestfjörðum. Skýrsla gefin út í júní 2006.

Forstöðumaður var starfsmaður nefndar um neysluviðmið fyrir Ísland. Nefndin skilaði skýrslu sinni í september 2006. Niðurstaðan var að taka bæri upp birtingu á neysluviðmiðum.

Rannsóknasetrið gaf út skýrslu í nóvember 2005 og aðra í nóvember 2006 um horfur í jólaverslun og spá um hver yrði „*jólagjöfin í ár*“. Þetta vakti mikla athygli enda er jólaverslunin ávallt vinsælt fjölmiðlaefni fyrir hver jól.

Rannsókn á forsendum samkeppni í orkusölu á Íslandi, einkum smásölu. Niðurstöður kynntar á norrænni ráðstefnu orkuhagfræðinga og á Orkuþingi 2006.

Háskólanám í smásöluverslun. Kennsla hófst í ágúst 2006 á Bifröst og er hluti af BS námi í viðskiptafræði.

Rannsókn varðandi starfsmannamál í verslunum. Þar sem annars vegar er gerð framleiðnimæling í verslun í samanburði við aðrar starfsstéttir og hins vegar skoðuð úrlausnarefni á starfsmannaskorti með því að auðvelda eldri borgurum að koma út á vinnumarkaðinn ef þeir kjósa það. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hagfræðistofnun HÍ. Niðurstöður verða kynntar í apríl 2007.

Hafin er rannsókn á netverslun á Íslandi í samstarfi við VISA Ísland og Íslandspóst.

Unnið er að undirbúningi á útgáfu á Árbók verslunarinnar þar sem teknar verða saman helstu upplýsingar um stöðu og þróun verslunargeirans. Bókin kemur út um mitt ár 2007.

Stjórn Rannsóknasetursins skipa eftirtaldir einstaklingar:

Eysteinn Helgason framkvæmdastjóri Kaupáss (formaður)

Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu

Reynir Kristinsson forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVP-Samtökum verslunar og þjónustu

Emil B. Karlsson er forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála var stofnað í maí 2005 með samstarfssamningi milli Háskólans á Bifröst og félagsmálaráðuneytisins. Markmið setursins er einkum að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum. Rannsóknasetrið vann að fjölmörgum verkefnum á árunum 2005-2006, m.a. samningu lagafrumvarpa og greinargerða og stóð auk þess fyrir málþingum um ýmis efni á sviði vinnuréttar.

Á árinu 2005 var unnin viðamikil greinargerð á vettvangi setursins fyrir félagsmálaráðuneytið, um lagalega stöðu starfsmannaleiga og starfsmanna þeirra hér á landi. Var greinargerðin undanfari löggjafar um þetta efni sem samþykkt var á Alþingi í lok árs 2005. Einnig var unnin greinargerð fyrir forsætisráðuneytið um skilgreiningu á hugtakinu „félag“ í skilningi 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Tvö málþing voru haldin árið 2005, annars vegar var fjallað um launajafnrétti í ljósi dómaframkvæmdar og hins vegar stóð Rannsóknasetrið fyrir málþingi um starfsmannaleigur í samstarfi við Vinnumálastofnun og Vinnuréttarfélag Íslands.

Árið 2006 voru tvö frumvörp samin fyrir félagsmálaráðuneytið á vettvangi setursins. Annars vegar frumvarp til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, sbr. lög nr. 151/2006, og hins vegar frumvarp til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi 16. mars 2007. Launajafnréttismál voru ofarlega á baugi árið 2006. Í ágúst hélt setrið málþing um markaðslaun og launajafnrétti en þar fjölluðu norrænir sérfræðingar um efnið út frá sjónarhorni lögfræðinnar annars vegar og hagfræði hins vegar. Í nóvember 2006 hélt

Rannsóknasetrið málþing í samvinnu við félagsmálaráðuneytið þar sem fjallað var um skýrslu Capacent um launamun kynjanna. Þá var unnið að uppsetningu á heimasíðu setursins á árinu og er þar nú að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi setursins og efni er henni tengist.

Rannsóknasetrið stendur fyrir verkefninu „Jafnréttiskennitala fyrirtækjanna“ en aðild að því eiga viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa. Um er að ræða tveggja ára þróunarverkefni fram til maí 2008 og á grundvelli þess birtir Rannsóknasetrið árlega upplýsingar um stöðu jafnréttis í 100 stærstu fyrirtækjunum hér á landi. Fyrstu upplýsingarnar voru birtar í maí 2005. Þá hefur Elín Blöndal, forstöðumaður Rannsóknasetursins, einnig unnið að gerð tillagna á vegum nefndar félagsmálaráðherra um vottun á launastefnu fyrirtækja. Þessu til viðbótar hefur Rannsóknasetrið komið að kennslu, fyrirlestrum, námskeiðahaldi, nefndastarfi greinaskrifum og margvíslegri ráðgjöf innan háskólans og utan.

Elín Blöndal er forstöðumaður Rannsóknaseturs vinnuréttar og jafnréttismála.

Rannsóknasetur um húsnæðismál

Á árinu 2006 voru ritaðar á vegum Rannsóknaseturs í húsnæðismálum 23 greinar í *Fasteignablað Morgunblaðsins* og ein grein í *AT tímarit arkitekta*. Einnig var um tugur viðtala tekinn við forstöðumann setursins bæði í útvarpi og sjónvarpi á árinu 2006. Forstöðumaður hélt einnig fjöldamarga opinbera fyrirlestra. Þar má nefna fyrirlestra fyrir tælensku húsnæðisstofnunina, húsnæðisfélag sveitarfélagsins Gavle í Svíþjóð (Gavlegårdarna) og fyrir Nordiska Kooperativa och almánnyttiga Bostadsföretags Organisation. Setrið stóð einnig fyrir ráðstefnunni „Borgin gegn landinu frá einsleitu til alþjóðlegs samfélags – hinir nýju Íslendingar“ og tók þátt í starfi European Network for Housing Research og sótti ráðstefnu þess í Ljubljana sumarið 2006. Bókargagnrýni um bókina *Housing and Housing Policy in the Nordic Countries* undir ritstjórn Martti Ljanen mun birtast í tímaritinu *European Journal of Housing Policy* á árinu 2007.

Þriggja ára samningur milli Háskólans á Bifröst, Íbúðalánasjóðs og félagsmálaráðuneytis rann út haustið 2006 og var ákveðið að endurnýja hann ekki. Verkefnið tókst ágætlega og vakti áhuga fjölmiðla, almennings og nemenda á Bifröst á húsnæðismálum og mikilvægi

þeirra. Þess má geta að magn lokaritgerða og verkefna við Háskólann á Bifröst um húsnæðismál stórkjóst með tilkomu setursins.

Í stjórn setursins á árinu 2006 sátu: Guðjón Bragason, stjórnarformaður setursins og skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs og Stefán Kalmansson, aðjúkt við Háskólann á Bifröst. Magnús Árni Skúlason var forstöðumaður Rannsóknaseturs í húsnæðismálum.

Háskólinn á Bifröst þakkar aðstandendum setursins fyrir gott samstarf.

Húsnæðismál

Helstu framkvæmdir á Bifröst starfsárið 2005 – 2006

Á sumarmánuðum 2006 var hafin vinna við frágang umhverfis á Bifröst með lagningu slitlags á götur og bílastæði og hellulögn stíga. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu að fullu fyrir veturinn en framkvæmdir munu hefjast á ný á vormánuðum 2007.

Í ágúst hófst bygging á nýju fjölbýlishúsi fyrir Nemendagarða sem fengið hefur nafnið Sjónarhóll. Í því húsi verða samtals 48 íbúðir, 6 fjögurra herbergja, 39 þriggja herbergja og 3 tveggja herbergja. Húsið er í eigu Selfells ehf. sem mun leigja íbúðirnar til Nemendagarða. Áætluð afhending fyrri áfanga hússins er í lok apríl 2007 en síðari áfanga á að ljúka í ágúst 2007. Sjónarhóll verður kærkomin viðbót við það húsnæði sem fyrir er þar sem húsnæðisekla hefur verið á Bifröst undanfarin ár. Alls eru nú í notkun 130 fjölskyldu- og stúdíóíbúðir hjá Nemendagörðum, 80 einstaklingsherbergi og 8 tveggja manna herbergi með sameiginlegu aðgengi að eldhúsi og setustofu.

Þórir Páll Guðjónsson sem verið hefur framkvæmdastjóri Nemendagarða til margra ára lét af því starfi í ágúst 2006 og tók við öðrum störfum innan skólans. Við skipulagsbreytingar var stjórnun Nemendagarða og annarra húsnæðismála skólans, ásamt nýframkvæmdum á svæðinu, sameinuð undir eitt svið og tók Guðrún Árnadóttir við starfi sviðsstjóra húsnæðis.

Rekstur og efnahagur

Tekjur Nemendagarða Háskólans á Bifröst 2005 – 2006 námu 164 milljónum króna. Rekstrargjöld námu 128 mkr. og þar af voru afskriftir 34 mkr. Fjármagnskostnaður, vextir og verðbætur, var nettó 150 mkr. og rekstrartap ársins var 114 milljónir.

Fastafjármunir Nemendagarða voru eignfærðir á 1.279 mkr. 31. desember 2006. Heildareignir námu alls 1.301 mkr. í lok fjárhagsársins. Skuldir samtals námu 1.156 mkr. og eigið fé var í lok starfsársins 145 mkr.

Tekjur Starfsmannagarða Háskólans á Bifröst 2005 – 2006 voru 21 mkr. Rekstrargjöld voru 9 mkr. þar af afskriftir 4 mkr. Fjármagnskostnaður nettó nam 20 mkr. Rekstrartap ársins var 8 mkr. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2006 voru 173 mkr. Skuldir alls voru 168 mkr. og eigið fé var 5 mkr. í lok fjárhagsársins.

Rekstur og efnahagur

Á Bifröst eru reknar þrjár rekstrareiningar. Þær eru Háskólinn á Bifröst, Nemendagarðar Háskólans á Bifröst sem reka íbúðir fyrir nemendur og Starfsmannagarðar Háskólans á Bifröst sem reka starfsmannagarða á Bifröst. Skólaárið afmarkaði fjárhagsárið fyrir þessar rekstrareiningar sem miðast því við tímabilið 1. ágúst 2005 - 31. júlí 2006. Í janúar 2007 var ákveðið að reikningsárið yrði almanaksárið og var því gert sérstaklega upp fyrir tímabilið frá 1. ágúst 2006 til 31. desember 2006. Tölulegar upplýsingar hér að neðan miðast því við 17 mánaða tímabil frá 1. ágúst 2005 til 31. desember 2006. Nemendagarðar og starfsmannagarðar voru sameinaðir í eina rekstrareiningu frá 1. janúar 2007.

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2005 - 2006 námu 782 milljónum kr. (mkr). Samningsgreiðslur frá ríki námu 328 mkr en aðrar tekjur 454 mkr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig er óverulegt framlag til rannsókna. Framlöggin byggja á samningi milli skólans og ríkisins. Aðrar tekjur skýrast að stærstum hluta af skólagjöldum. Helstu tekjuþættir aðrir eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis og þjónusta við Nemendagarða.

Kennsla hófst á meistarastigi í Háskólanum á Bifröst sumarið 2003 og hefur nemendum fjölgað mikið. Umfang á starfstengdu námi og námskeiðshaldi hefur aukist mikið. Þar má nefna starfsnám fyrir verslunarstjóra og námskeiðið „Máttur kvenna“.

Rekstrargjöld skólans á árinu 2005 - 2006 námu 928 mkr að meðtöldum afskriftum. Laun og launatengdur kostnaður nam þar af 652 mkr eða 2/3 hluta rekstrargjalda. Starfsmenn voru um 50 talsins en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 65 mkr, annar kostnaður 184 mkr og afskriftir 27 mkr.

Rekstrartap fyrir fjármagnsliði nam 146 mkr 2005 - 2006, nettó fjármagnsgjöld voru 89 mkr, óreglulegar tekjur 40 mkr og rekstrartap tímabilsins nam 195 mkr. Afkoma skólans var því afskaplega slæm á þessu 17 mánaða tímabili og miklum mun verri en tvö rekstrarárin á undan.

Fjárfestingar námu 99 mkr á tímabilinu. Skólinn er eignaraðili að félögum sem eiga Hamragarða, nemendagarða og þjónustuhúsnæði, og að félagi sem á Sjónarhól sem eru

nýir nemendagjarðar sem verða teknir í notkun árið 2007. Fastafjármunir námu 666 mkr í lok fjárhagsársins. Eignir alls voru bókfærðar á 752 mkr í lok árs 2006.

Langtímaskuldir Háskólans á Bifröst námu 398 mkr m.v. 31. desember 2006. Afborganir langtímaskulda námu 75 mkr á árinu. Skammttímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 280 mkr m.v. 31. desember 2006. Haustið 2005 var gengið frá samningi um skammttímaskuldir skólans við Sparisjóð Mýrasýslu.

Eigið fé Háskólans á Bifröst nam 74 mkr í lok fjárhagsársins og hafði það lækkað verulega frá fyrri árum.

Rekstur og efnahagur:

Rekstur	17 mánuðir	12 mánuðir	12 mánuðir
	2005-2006	2004-2005	2003-2004
Allar tölur í milljónum króna			
Rekstrartekjur	782	431	333
Rekstrargjöld	<u>928</u>	<u>405</u>	<u>324</u>
Rekstrarafgangur án fjármagnsliða	-146	26	9
Fjármagnsliðir	-89	-35	- 26
Óreglulegar tekjur	<u>40</u>	12	
Rekstrarniðurstaða	-195	3	-17
Efnahagur	17 mánuðir	12 mánuðir	12 mánuðir
	2005-2006	2004-2005	2003-2004
Allur tölur í milljónum króna			
Fastafjármunir	666	579	454
Veltufjármunir	<u>86</u>	<u>65</u>	<u>40</u>
Eignir samtals	752	643	494
Eigið fé	74	254	127
Langtímaskuldir	398	201	212
Skammttímaskuldir	<u>280</u>	<u>188</u>	<u>155</u>
Skuldir og eigið fé samtals	752	643	494